

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2013 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri dróst saman miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 11 ma.kr. en var neikvætt um 7,3 ma.kr. 2012. Tekjur hækkuðu um 4,8 ma.kr. milli ára en gjöld jukust um 8,1 ma.kr. Þessi útkoma er verri en áætlað var þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé yrði jákvætt um 4,7 ma.kr. sem skýrist að langstærstu leyti með því að tekjur reyndust lægri en gert hafði verið ráð fyrir.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-mars 2013 (m.kr.)

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	122.177	110.985	112.004	122.100	126.922
Greidd gjöld	123.232	130.975	114.789	126.428	134.484
Tekjujöfnuður	-1.055	-19.990	-2.785	-4.328	-7.562
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-3.823	9.665	-340	-2.924	-3.429
Handbært fé frá rekstri	-4.878	-10.325	-3.125	-7.252	-10.991
Fjármunahreyfingar	4.814	-3.441	-1.713	-5.662	-3.079
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-64	-13.766	-4.838	-12.914	-14.070
Afborganir lána	-1.339	-71.827	-6.018	-50.933	-9.221
Innanlands	-1.339	-71.827	-750	-1.476	-6.750
Erlendis	0	0	-5.268	-49.457	-2.471
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-1.403	-85.593	-10.856	-63.847	-23.291
Lántökur	36.880	44.951	36.125	43.852	12.215
Innanlands	30.403	46.918	26.556	25.002	25.895
Erlendis	6.477	-1.967	9.569	18.850	-13.680
Breyting á handbæru fé	35.477	-40.642	25.269	-19.995	-11.076

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 126,9 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins sem er 3,9% aukning á milli ára og 3,9% eða 5,2 ma.kr. undir tekjuáætlun fjárlaga. Hafa ber í huga að frávik frá áætlun geta verið umtalsverð og í einhverjum tilfellum ómarktæk hvað varðar einstaka tekjuliði á fyrstu mánuðum ársins. Frávik frá mánaðarlegri áætlun geta m.a. stafað af því að dreifingin niður á mánuði reynist önnur en áætlað var en slíkt getur einkum átt sér stað þegar uppgjörstímabil er lengra en einn mánuður, þegar gjalddagi og eindagi eru ekki í sama mánuði eða þegar óreglulegir liðir vega þungt. Reynslan er því sú að frávik frá áætlun eru mest í upphafi ársins og minnka eftir því sem líður á árið og gagnatímabilið lengist.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 2,5% á milli ára á fyrstu þremur mánuðum ársins og námu 116,1 ma.kr. sem er 4,9% undir áætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 4,7% á milli ára og nam 18,8 ma.kr. sem er 0,8% yfir áætlun. Tekjuskattur lögaðila nam 6,2 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,3 ma.kr. yfir áætlun. Innheimta tekjuskatts lögaðila á tímabilinu lækkar um rúm 16% á milli ára af þeirri ástæðu að á sama tíma á síðasta ári innheimtust umtalsverðar fjárhæðir sem tengdust eldri álagningum, sem líta ber á sem



óreglulegar tekjur. Fjármagnstekjuskattur skilaði 13,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,4% undir áætlun.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars 2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	104.597	113.285	116.121	2,5	8,3	2,5
Skattar á tekjur og hagnað	43.556	46.223	48.099	2,7	6,1	4,1
Tekjuskattur einstaklinga	23.442	27.497	28.794	-0,5	17,3	4,7
Tekjuskattur lögaðila	2.798	7.398	6.182	-1,8	164,4	-16,4
Skattur á fjármagnstekjur	17.316	11.328	13.124	8,2	-34,6	15,9
Eignarskattar	1.076	3.572	2.591	-9,0	232,1	-27,5
Skattar á vöru og þjónustu	41.831	44.838	45.847	-0,8	7,2	2,3
Virðisaukaskattur	26.706	27.514	28.285	-3,4	3,0	2,8
Vörugjöld af ökutækjum	452	849	899	56,3	88,0	5,9
Vörugjöld af bensíni	2.541	2.602	2.538	0,6	2,4	-2,4
Skattar á olíu	1.382	1.433	1.499	2,6	3,6	4,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.146	3.573	3.734	0,9	13,6	4,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7.605	8.868	8.891	5,2	16,6	0,3
Tollar og aðflutningsgjöld	1.836	1.608	1.432	24,1	-12,4	-11,0
Aðrir skattar	906	981	1.821	-11,0	8,4	85,6
Tryggingagjöld	15.393	16.062	16.331	11,8	4,3	1,7
Fjárframlög	132	39	41	349,1	-70,3	4,2
Aðrar tekjur	8.221	7.597	10.537	-5,5	-7,6	38,7
Sala eigna	84	1.178	222	-	-	-
Tekjur alls	113.035	122.100	126.922	1,9	8,0	3,9

Tekjur af tryggingagjöldum námu 16,3 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,7 ma.kr. eða 4,1% undir áætlun. Tekjur af eignarsköttum námu 2,6 ma.kr. sem er 9,4% undir áætlun. Það frávík má að mestu rekja til innheimtu auðlegðarskatts sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu 45,8 ma.kr. á tímabilinu sem er tæplega 5,4 ma.kr. eða 10,5% undir áætlun. Þetta frávík skýrist aðallega af virðisaukaskatti sem er 4,6 ma.kr. undir áætlun. Ljóst er að áætlun um tekjur af virðisaukaskatti er of há en engu að síður er reiknað með að verulega dragi úr þessu fráviki þegar líður á árið. Ástæðan er sú að mánaðadreifing ráðuneytisins um innheimtu virðisaukaskatts niður á einstaka mánuði sýnist of afturhlaðin. Aðrir óbeinir skattar eru í grófum dráttum í takt við áætlanir.

Bensíngjöld námu 2,5 ma.kr. sem er 2,4% samdráttur á milli ára. Á sama tíma námu skattar á olíu 1,5 ma.kr. sem er 4,6% aukning á milli ára. Innheimta bensín- og olíugjalda er í takt við áætlanir. Samanlagðar tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi námu 3,7 ma.kr. sem er 4,5%



aukning á milli ára. Þar af námu tekjur af tóbaksgjaldi 1,4 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun og tekjur af áfengisgjaldi 2,4 ma.kr. sem er í takt við áætlun.

Aðrar tekjur námu alls 10,5 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Þar munar mest um tekjur af veiðigjöldum sem eru 0,9 ma.kr. yfir áætlun. Skýringin er sú að hlutur gjaldsins virðist hafa innheimst fyrr en reiknað var með. Þetta frávik hefur engu að síður lækkað frá fyrri mánuði og reiknað er með að það lækki enn frekar eftir því sem líður á árið.

Greidd gjöld námu 134,5 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 8,1 ma.kr. frá fyrra ári, eða um rúm 6,4%. Greidd gjöld voru 2,3 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 1,7%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars 2013

	Milljónir króna			Breyt. frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	25.687	28.755	31.351	11,9	9,0
þar af vaxtagreiðslur	15.360	18.177	19.493	18,3	7,2
Varnarmál	366	235	297	-35,9	26,7
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	4.280	4.748	5.362	10,9	12,9
Efnahags- og atvinnumál	10.991	12.342	12.146	12,3	-1,6
Umhverfisvernd	850	942	1.104	10,8	17,1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	114	57	170	-49,6	196,3
Heilbrigðismál	26.803	27.972	30.096	4,4	7,6
Menningar-, íþrótt- og trúmál	4.184	4.443	4.829	6,2	8,7
Menntamál	12.707	15.256	16.038	20,1	5,1
Almannatryggingar og velferðarmál	26.573	29.169	30.251	9,8	3,7
Óregluleg útgjöld	2.235	2.508	2.840	12,2	13,2
Gjöld alls	114.789	126.428	134.484	10,1	6,4

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 19,5 ma.kr. og jukust um 1,3 ma.kr. á milli ára og voru jafnframt rúmum 1 ma.kr. umfram áætlanir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga jukust um 784 m.kr. milli ára sem er lítillega yfir því sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu 7,7 ma.kr. og jukust um tæpar 500 m.kr. á milli ára en voru innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 30,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,1 ma.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að mestu með nokkrum stórum liðum en útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 972 m.kr. milli ára og bætur samkvæmt lögum um félagslega



aðstoð um 188 m.kr. Þá voru greiddar barnabætur rúmlega 600 m.kr. hærri en á sama tímabili 2012 og útgjöld Fæðingaorlofsjóðs 160 m.kr. hærri en 2012 sem var innan heimilda. Á ársfjórðungnum voru svo greiddar út samningsbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn að upphæð 410 m.kr. sem ekki hafði verið gert ráð fyrir nema að litlu leyti. Á móti drógust útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs saman milli ára um 1,3 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 30,1 ma.kr. og jukust um 2,1 ma.kr. milli ára en voru rúmar 100 m.kr. innan heimilda. Mest munar um útgjöld Sjúkratrygginga sem jukust um 841 m.kr. milli ára og voru jafnframt 660 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri námu 10,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust um rúmar 400 m.kr. milli ára en voru tæpar 500 m.kr. innan heimilda. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 5,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 330 m.kr. á milli ára og voru jafnframt um 260 m.kr. umfram heimildir. Þá jukust útgjöld heilbrigðisstofnana um 177 m.kr. milli ára og námu 2,2 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust lítillega saman á milli ára og námu 12,1 m.kr. samanborið við 12,3 ma.kr. í fyrra. Þá voru þau 1,1 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að stórum hluta með tæplega 400 m.kr. afgangi hjá Vegagerðinni og afgangi ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála námu um 16 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi og voru tæpum 800 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra þrátt fyrir að vera tæpum 800 m.kr. innan heimilda. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 5,7 ma.kr. og jukust um 100 m.kr. milli ára en voru 256 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til framhaldsskóla námu 5,3 ma.kr. og voru 141 m.kr. hærri en á sama tímabili 2012 en 93 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til menningar- íþróttá og trúmála námu 4,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um tæpar 400 m.kr. en voru tæpum 200 m.kr. innan fjárheimilda. Aukningin milli ára skýrist að stórum hluta með útgjöldum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem aukast um 175 m.kr. milli ára sem er í samræmi við áætlanir.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 5,4 ma.kr. og jukust um rúmar 600 m.kr. milli ára og voru jafnframt rúmar 200 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem jukust um tæpar 200 m.kr., með greiðslum vegna Schengen samstarfs sem reyndust hærri en gert hafði verið ráð fyrir og aukast um rúmar 100 m.kr. milli ára og með útgjöldum Ríkislögreglustjóra sem aukast um rúmar 100 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar námu 1,1 ma.kr. á tímabilinu og eru 162 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra. Útgjöldin voru tæpum 300 m.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með 125 m.kr. afgangi af fjárheimildum Landgræðslu ríkisins og 116 m.kr. afgangi af fjárheimildum Endurvinnslunnar hf. Útgjöld til Varnarmála námu tæplega 300 m.kr. á tímabilinu og jukust um 63 m.kr. á milli ára en voru 41 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 170 m.kr. og jukust milli ára um 113 m.kr. sem var í samræmi við áætlanir. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 110 m.kr. umfram það sem greitt var 2012. Óregluleg útgjöld námu 2,8 ma.kr. og jukust um 332 m.kr. milli ára og voru jafnframt 380 m.kr. umfram fjárheimildir. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga sem voru 259 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 285 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir.



Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var neikvæður um rúma 14 milljarða króna en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um tæpa 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu um 6,7 milljörðum króna en erlendar afborganir um 2,5 milljörðum.

Innlendar lántökur námu rúmum 26 ma.kr. Útgáfa ríkisbréfa nam 31,3 ma.kr. en á móti lækkaði staða ríkisvixla um tæpa 5 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikningavar neikvætt um 13,7 ma.kr.